# Interior High Finish 5

Flügger Interior eru vatnsleysanlegar vörur til lokameðhöndlunar á viði og málmi innanhúss. Vörurnar eru einfaldar í notkun og ljá yfirborðinu fallega lakkáferð.




## Vörulýsing

Akrýlmálning fyrir milli- og lokameðhöndlun með þunnri, mjúkri áferð og góðri samfellu. Mælt með fyrir efnivið sem þarf að þola fagurfræðilega og miðlungs hagnýtar kröfur.

- **Góð samfella**
- **Milli- og lokameðhöndlun**
- **Matt yfirborð**

## Merkingar

EU Ecolabel
www.ecolabel.eu

## Notkunarmöguleikar

Fyrir viðarloft og viðarþiljur, eða til notkunar sem millimálning fyrir meðhöndlaðan við og ryðvarið járn og málm.

## Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlun.

## Meðhöndlun

Efni sem loðir laust við og umframmálning eru fjarlægð með pússun og hreinsun.
Óhreinindi, bletti, fitu og smitandi efni skal fjarlægja með Fluren 37.
Vatnsleysanlega mislitun, nikótínbletti og sót skal þrífa af með Fluren 49 og meðhöndla með Iso Primer.
Hart, gljáandi undirlag er slípað matt og grunnmálað eftir þörfum með Fix Primer.
Sprungur, ójöfnur og göt þarf að spartla.
Nýjan eða óvarinn, strípaðan við skal grunnmála með Stop Primer.
Berið 1–2 umferðir á. Sumir litatónar krefjast fleiri umferða.

## Notkun

Borið á með pensli, rúllu eða sprautu
Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit
Notið „blautt á blautt"-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt
Notið alltaf efni með sama lotunúmeri fyrir samliggjandi eða órofna yfirborðsfleti
Endanleg útkoma getur verið lítillega mismunandi, eftir gerð og byggingu yfirborðsefna
Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins
Hitastig efnis þegar því er sprautað á verður að vera minnst 12 °C
Rakauppsöfnun má ekki eiga sér stað á meðan efnið þornar/harðnar
Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða
Hærri lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann
Gerið ævinlega prufu til að kanna viðloðun og endanlegt útlit

## Væntanleg útkoma

Matt yfirborð.
Góð samloðun.
Þolir venjulegan sótthreinsun og þrif með alhliða þvottaefni, mjúkum bursta, vatni og klút.
Sterkir og sérstaklega dökkir tónar eru viðkvæmari en ljósari litir þegar kemur að slitþoli.
Sterkir litir kunna að smita út frá sér.
Kemur ekki í veg fyrir skemmdir vegna kvistunar, vatnsleysanlegra litarefna, vatnsbletta og nikótínbletta.
Forðist álag á yfirborðið þar til málningin er fullkomlega þurr.

## Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

**Geymsla:** Geymist vel lokað á svölum og frostlausum stað

## Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Vara | Akrýllakk |
| Gljái | 5;Matt |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.38 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 55 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 38 |
| Efnisnotkun ($m^2$/ltr.) | 8 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðnun | Min. +10°C |
| Loftraki | Hám. loftraki 80% RH. |
| Þurrktími við 20°C, 60% RH (Timar) | 1 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 8 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 28 |
| Heildarlosun samkv. ISO 16000-9:2011: (<  µg/m²h eftir 28 daga) | 18 |
| þynning | Með vatni. Ekki skal þynna efnið við sprautun. |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

**Núverandi TDS útgáfa**

október 2023

**Í staðinn fyrir TDS útgáfu**

febrúar 2023